



Steinunn Ásmundsdóttir

## MANNESKJUSAGA

**Átakanleg ævi**

Manneskjusaga eftir Steinunni Ásmundsdóttur er átakanleg saga. Barn fæðist til óreglukonu og bóna á afskekktum bæ en hvorugt foreldranna er fært um að annast það. Litla stúlkan fær skjól hjá góðum hjónum og framtíðin ætti að brosa við henni. En ekkert er gefið þegar manneskja stendur ofurlítið á skjön við tilveru hinna. Björg passar hvergi fyllilega inn í. Frændsystkini hennar skynja það, krakkarnir í skólanum og yfirvöld. Foreldrarnir berjast við að ala hana upp og hljóta ámæli fyrir að ná ekki að móta hana í formið. Á viðkvæmum aldri verður hún fyrir stórkostlegu áfalli og lítið er unnið úr því. Björg fer því haltrandi mótt fullorðinsárunum og líf hennar mótað af því. Steinunn byggir hér á ævi systur sinnar og nær að draga upp einstaklega vel gerða mynd af ógæfumanneskju. Hún hlífir engum en staðreyndin er engu að síður sú að allir gerðu sitt besta en höfðu einfaldlega ekki forsendar til að gera það sem þurfti. Þetta er þörf bók sem allir ættu að lesa. Útg. Bókabeitan.